

# Fólk á einhverfurófi og tölvunotkun – ruðningsáhrif eða uppbótaráhrif

ÁSDÍS BERGÞÓRSDÓTTIR, SÁLFRÆÐINGUR

2018

# Fyrirvararar í þessari umfjöllun

- ▶ Það að ég flytji þennan fyrirlestur þýðir ekki að mér finnist umfjöllun um tölvunotkun einhverfa barna eða annarra barna mikilvæg
- ▶ Það þýðir heldur ekki að umfjöllun um tölvunotkun einhverfra sé mikil erlendis eða talin mikilvæg erlendis
- ▶ Ég nota tölvunotkun einnig um snjallsíma og önnur slík tæki
- ▶ Ég nota “identity first” mál í samræmi við réttindabaráttu einhverfra og tala því um einhverfa en ekki um fólk á einhverfurófi
- ▶ Ég viðurkenni að “á einhverfurófi” er í heiti fyrirlestrararins en það var bara til að stuða ekki þá sem völdu fyrirlestrana á þessari ráðstefnu

# Mikill áhugi á vandamálum tengdum tölvu- og skjánotkun hér á landi

- ▶ Ekki jafn mikill áhugi erlendis meðal þeirra sem fjalla um einhverfu
- ▶ En hvað segja rannsóknir um tölvunotkun einhverfra?
- ▶ Rannsóknum er hægt að skipta í þrennt:
  - ▶ Rannsóknir á tölvuofnotkun/fíkn - fylgnirannsóknir
  - ▶ Rannsóknir á notkun einhverfra á tölvum - fylgnirannsóknir
  - ▶ Rannsóknir með einhverfum um tölvunotkun þeirra - viðtöl

# Óumdeilt

- ▶ Ljóst er að fylgni er á milli tölvunotkunar og ýmissa vandamála t.d. kvíða og þunglyndis
- ▶ Margar heimildir til. Valið af handahófi: Hawi & Samaha, 2017; Loton o.fl. 2016; Matos o.fl. 2016; Mezianaya o. fl., 2016;


En hvað þýðir fylgni?

# Fylgni getur verið orsakasamband


- ▶ Það er fylgni á milli þess að fá hjartaáfall og deyja:  
Hjartaáfall veldur dauða!
- ▶ En er ekki alltaf svona einfalt
- ▶ Það er fylgni á milli fátæktar og lágs menntunarstigs:  
Fátækt veldur lágu menntunarstigi  
eða  
Lágt menntunarstig veldur fátækt

# Fylgni vegna óþekktra áhrifaþátta


- ▶ Þegar íssala eykst, eykst morðtíðni í USA
- ▶ Veldur ísneysla morðum eða borða morðingjar ís?
- ▶ Nei, þegar hitastig hækkar þá eykst hvort tveggja



# Fylgni getur komið fram fyrir tilviljun




Rates of autism correlate **\*perfectly\*** with sales of organic foods



As well as the number of Jim Carrey movies

# Fylgni og ruðningsáhrif

- ▶ Margir túlka þetta fylgnisamband sem orsakasamband
- ▶ Tölvunotkun veldur vanda og ryður því góða í burtu





Skoðum nú aðeins hvað við vitum  
um stöðu einhverfra

.

# Atvinna – réttara sagt atvinnuleysi

- ▶ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin áætlað að yfir 80% fullorðinna einhverfra sé án atvinnu
- ▶ Bresku einhverfusamtökin:
  - ▶ Í fullri vinnu 2007: 15% Í fullri vinnu 2016: 16% (ekki marktækur munur)
  - ▶ Hlutfall þeirra sem eru ekki með vinnu en vilja vinna: 77%

# Skólar – virðist ekki líða vel þar

- ▶ Bresku einhverfusamtökin:
  - ▶ 5% einhverfra barna hefur verið vísað **varanlega** úr skóla.
  - ▶ 1/3 einhverfra barna hefur verið óformlega beðin um að mæta ekki í einhvern tíma
- ▶ Skólaforðun: 6-sinnum algengari hjá einhverfum börnum en óeinhverfum

# Vinátta – meira ein


- ▶ Óeinhverfir unglíngar eyða 3,3 klst á dag með vinum – einhverfir 1,8 klst (Barnes o.fl. 2007; Kuo o.fl., 2013).
- ▶ Há tíðni eineltis. Samkvæmt Carter(2009) Wainscot o.fl. (2008) lenda 65% einhverfra barna í einelti.

# Tómstundir – sinnt meira heima við

- ▶ Hafa minni áhuga á hreyfingu og minna gaman af slíku (Obrusnikova & Miccinello, 2012)
- ▶ Við vitum að þau sækja minna í félagslegar samkomur – skynjunarvandi og ýmislegt áreiti.
- ▶ Það hugar nær enginn að aðgengi einhverfra að samkomum og félagsstarfi

# Aðlögunarfærni skert hjá einhverfum

- ▶ Þeir einhverfir sem ná því að búa sjálfstætt, ná að mennta sig og stofna til sambanda ná þeirri færni áratug eða síðar en óeinhverfir (Marriage o.fl., 2009)
- ▶ Þegar horft er á rannsóknir á færni í athöfnum daglegs lífs sést að einhverfir dragast aftur úr jafnöldrum sínum með aldrinum (Bal o.fl., 2015)



rofin svört lína: óeinhverfir  
gult/grænt: einhverfir  
gulir góð færni  
grænilir slök færni

# Líf einhverfra



# Hvað segja rannsóknir?

- ▶ Einhverfir sækja mikið í myndræna miðla, sjónvarp, teiknimyndir og tölvur mögulega af því að þeir eru sjónrænir (Must o.fl. 2014; Shane & Albert 2008; Wetherby & Prizant, 2000)
- ▶ Minni notkun samfélagsmiðla (MacMullin o.fl 2015; Mazurek o.fl. 2012; Mazurek & Wenstrup 2013).
- ▶ Geta notað tölvuleiki til að einangra sig frá skynjunarvanda. (Winter-Messiers 2007)
- ▶ Foreldrar hafa lýst jákvæðum áhrifum á félagsfærni, hreyfigetu og samskiptafærni (Durkin 2010; Durkin et al. 2013; Shane and Albert 2008; Winter-Messiers 2007)

# Hvað segja rannsóknir? – frh.

- ▶ Sum einhverf börn nota tölvuleiki til að tengjast jafnöldrum og vera félagslega viðurkennd (Durkin 2010; Durkin o.fl. 2013, Winter-Messiers (2007).
- ▶ Það er jákvæð fylgni á milli þess að spila tölvuleiki með vinum og gæðum vináttu (Kuo o.fl. 2013).
- ▶ Fylgni milli fjölda félagslegra hindrana (t.d. fárra vina, lítils stuðning fullorðinna) og skjátíma (Must o.fl. 2015)
- ▶ Fylgni milli samfélagslegra hindrana (t.d. of dýrar tómstundir, hættuleg hverfi) og leikjaspilunar (Must o.fl. 2015)
- ▶ 3-11 ára sem eru félagslega útilokuð af öðrum börnum nota skjámiðla meira (Must o.fl. 2015)

# En hvað segja einhverfir?

- ▶ Samskipti í tölvu eru einfaldari
  - ▶ Rituð samskipti einfaldari og hægt að eyða meiri tíma til að ákveða hvernig á að svara
- ▶ Minni áhersla á óyrt samskipti eins og svipbrigði
  - ▶ Óeinhverfir bregðast betur við einhverfum ef þeir sjá þá ekki!
- ▶ Hægt er að stjórna félagslegu áreiti með því að slökkva
- ▶ Gott til að æfa samskipti
- ▶ Auðveldara að finna fólk sem hefur sömu áhugamál
- ▶ Hvílir hugann og róar
- ▶ Sinna áhugamálum og lesa um þau
- ▶ Eitthvað að gera

(Gillespie-Lynch o.fl. 2014 og einhverfir sem ég hef talað við)




# Uppbótarkenning

- ▶ Það er hægt að setja fram kenningu um að tölvunotkun einhverfra sé til að bæta upp holurnar í lífi þeirri – að samfélagið tryggi þeim ekki aðgengi að námi, vinnu, tómstundum
- ▶ Hvað eiga grunnskólabörn sem eru ekki í skóla að gera?
- ▶ Hvaða eiga börn sem hata skólann svo mikið af því þeim líður svo illa þar að gera?
- ▶ Eða 25 ára einhverfur maður sem getur ekki haldið vinnu vegna félagslegra krafna í vinnu?
- ▶ Hvar eiga einhverfir að hitta vini?
- ▶ Hvar er hægt að æfa félagsleg samskipti á hraða sem hentar einhverfum?
- ▶ Hvar er hægt að slaka á og gleyma skynáreiti?
- ▶ Fyrir sumum einhverfum er svarið: Í tölvu!

# Munurinn á ruðningskenningunni og uppbótarkenningunni

- ▶ **Ruðningskenningin** gerir ráð fyrir að með minnkaðri tækjanotkun þá komi eðlileg færni fram.
- ▶ Gífurlegur kostur fyrir samfélagið að það þarf ekkert að gera. Einhverft fólk þarf bara að minnka tölvunotkun sína og þá eignast það vini, atvinnu, tómstundir....
- ▶ **Uppbótarkenningin** gerir ráð fyrir að séu einhverfum búin þau skilyrði að geta sinnt vinnu, námi og tómstundum á sínum forsendum þá minnki þörf fyrir tækjanotkun sem uppbót þó að tækjanotkun verði alltaf lausn á ákveðinni skerðingu sem felst í einhverfunni.
- ▶ Gífurlegur ókostur fyrir samfélagið að við þurfum að skoða hvort það sé eitthvað að í umhverfinu og að reyna að breyta því.



Ruðningskenning viðheldur  
núverandi ástandi og gerir allar  
lausnir á ábyrgð þeirra einhverfu og  
fjölskyldna þeirra.

Uppbótarkenningin reynir að skoða  
af hverju tölvan er lausn fyrir hinn  
einhverfa.

# Slæmt að vera í þessari tölvu- umfjöllum og vera ekki að fjalla um:

- ▶ “Double empathy” vandann
- ▶ Orkubókhald – macro og micro
- ▶ Óþol fyrir óvissu og kvíða
- ▶ Aukningu á aðgengi
- ▶ Stöðu mæðra á einhverfurófi og barnavernd
- ▶ “Untypical” átraskanir og ófullnægjandi meðferð
- ▶ Innri skynjun á tilfinningum
- ▶ Afbrot
- ▶ Vímuefnavanda
- ▶ Hamingju fólks á einhverfurófi
- ▶ “Context blindness”
- ▶ PDA einkenni og aðferðir til að eiga við PDA
- ▶ Þreytu fólks á einhverfurófi
- ▶ Brottfall úr grunnskóla
- ▶ Brottfall úr framhaldsskóla
- ▶ Að viðhalda atvinnu
- ▶ Réttmæti kvíðalista
- ▶ Einelti